

**SAMÞYKKT**

**um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík,  
nr. 625 22. desember 1987.**

1. gr.

Við 29. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:  
Heimilt er að starfrækja heimsendingarþjónustu allan sólarhringinn.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum um lögreglusamþykktir, nr. 36 18. maí 1988, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 10. nóvember 1994.*

**Þorsteinn Pálsson.**

---

*Ólafur W. Stefánsson.*

14. nóvember 1994

Nr. 607

**SAMÞYKKT**

**um breytingu á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp  
borgarstjórnar nr. 60/1985, með síðari breytingum.**

1. gr.

2. mgr. 34. gr. samþykktarinnar hljóði svo:

Borgarritari hefur með höndum daglega stjórn á fjármálum borgarinnar og umsjón með skrifstofum hennar.

Samþykkt þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkurborgar hefur sett, samkvæmt 3. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytið, 14. nóvember 1994.*

F. h. r.

**Húnbogi Þorsteinsson.**

---

*Sesselja Árnadóttir.*

16. nóvember 1994

Nr. 608

**AUGLÝSING**

**um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1990 - 2010  
(stgr. 2.575).**

Samkvæmt ósk borgarstjórnar Reykjavíkur hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 21. september 1994 staðfest breytingu, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, á aðalskipulagi Reykjavíkur 1990 - 2010, frá 20. febrúar 1992.

Breytingin felst í því að svæði við Gylfaflöt breytist að hluta úr athafnasvæði í verslun og þjónustu (söluturn/bensínstöð).

Borgarstjórn Reykjavíkur tekur að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

*Umhverfissráðuneytið, 16. nóvember 1994.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Hrafn Hallgrímsson.*

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á legu jarðgangna undir Hvalfjörð og nýrra aðkomuvega.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19/1964 hefur ráðherra þann 11. nóvember 1994 staðfest legu jarðgangna undir Hvalfjörð og tengivega þeirra í Kjalarne-, Skilmanna- og Innri-Akraneshreppum.

Aðalskipulag fyrir jarðgöngin og tengivegi ásamt greinargerð hefur hlotið þá meðferð, sem skipulagslög nr. 19 21. maí 1964 mæla fyrir um. Sveitarstjórnir Kjalarne-, Skilmanna- og Innra-Akraneshreppa hafa samþykkt skipulagsáætlunina og skipulagsstjórn ríkisins afgreitt erindið til staðfestingar.

*Umhverfissráðuneytið, 11. nóvember 1994.*

**Össur Skarphéðinsson.**

*Magnús Jóhannesson.*

## AUGLÝSING

### um umferð í Neskaupstað.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarráðs Neskaupstaðar í umboði bæjarstjórnar s.st. hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Á bifreiðastæði ofan og austan við Melabúðina, Hólsgötu 9A, hér í bæ og mælist 12 metrar á lengd til austurs, að merktu einkabifreiðastæði fyrir Hólsgötu 9, er óheimilt að leggja vélknúnum ökutækjum lengur en 30 mínútur í senn á tímabilinu frá kl. 9.00 til kl. 18.00 frá mánudegi til laugardags að báðum dögum meðtöldum.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað.

Bæjarstjórninni er heimilt að setja upp viðeigandi umferðarmerki til áréttingar ákvörðun þessari.

*Lögreglustjórnin í Neskaupstað, 8. nóvember 1994.*

**Bjarni Stefánsson.**